




DÓMSTÓLARÁÐ

ÁRSSKÝRSLA DÓMSTÓLARÁÐS OG HÉRAÐSDÓMSTÓLANNA

Árið 2017

Dómstólasýslan
Reykjavík, desember 2018



FORMÁLI

Tekin hefur verið saman meðfylgjandi ársskýrsla um starfsemi ráðsins og héraðsdómstólanna fyrir árið 2017 í samræmi við 4. tl. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016. Í skýrslunni er að finna helstu upplýsingar um starfsemi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna á árinu ásamt upplýsingum um fjölda dómsmála eftir tegundum þeirra og málsmeðferðartíma. Heildarfjöldi innkominna mála hjá dómstólum eykst lítillega á milli ára. Athugun á fjölda þeirra mála sem bíða afgreiðslu dómstólanna í lok árs 2017 sýnir að vel hefur gengið að vinna í þeim málum sem til dómstólanna hafa borist. Meðalmálsmeðferðartími munnlega flutts einkamáls styttist lítillega milli ára, var 386 dagar á árinu 2016 en 381 dagur á árinu 2017. Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls lengdist örlítið, var 80 dagar á árinu 2016 en 86 dagar á árinu 2017. Launakostnaður sérfróðra meðdómsmanna lækkar hlutfallslega milli ára þegar tekið er mið af heildarrekstrarútgjöldum dómstólanna, þ.e. fer úr því að vera um 7% á árinu 2016 í að vera um 5,7% af heildarrekstrarútgjöldum ársins 2017.

Starfsár dómstólaráðs einkenndist að miklu leyti af því að unnið var að niðurlagningu á starfsemi þess í kjölfar samþykktar á nýjum lögum um dómstóla nr. 50/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2018.

Reykjavík, 14. desember 2018

Ólöf Finnsdóttir

fyrirverandi framkvæmdastjóri dómstólaráðs og núverandi framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar.

| | |
|--|----|
| Formáli | 1 |
| Dómstólaráð - almennar upplýsingar | 3 |
| Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs | 3 |
| Ráðsmenn á árinu 2017 | 3 |
| Fjármál | 4 |
| Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2017 | 4 |
| SEND | 4 |
| Starfsdagur dómstólanna | 5 |
| Sérfróðir meðdómsmenn | 5 |
| Um héraðsdómstólana | 6 |
| Héraðsdómstólar í tölum | 8 |
| Fjöldi dómsmála | 10 |
| Einkamál | 12 |
| Munnlega flutt einkamál | 12 |
| Meðalmálsmeðferðartími munnlegra fluttra einkamála | 13 |
| Tegundir einkamála og fjöldi þeirra | 14 |
| Skriflega flutt einkamál | 15 |
| Sakamál | 16 |
| Sundurliðun ákærumála | 16 |
| Meðalmálsmeðferðartími ákærumála | 17 |
| Gjaldþrotaúrskurðir | 18 |
| Gjaldþrotaskiptabeiðnir | 19 |
| Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta | 20 |
| Rannsóknarúrskurðir | 21 |

DÓMSTÓLARÁÐ - ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Starfsemi og hlutverk dómstólaráðs

Helstu verkefni dómstólaráðs, samkvæmt þágildandi lögum um dómstóla nr. 15/1998, voru að fara með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna, setja samræmdar reglur fyrir héraðsdómstólana, gera tillögur um hvað eina sem gat orðið til úrbóta í störfum héraðsdómstóla, ákveða fjölda dómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól, safna upplýsingum um fjölda og afgreiðslu mála við dómstólana auk útgáfu ársskýrslu um starfsemi sína og héraðsdómstólanna. Almennt bar ráðinu að stuðla að því að gætt væri skilvirkni og hraða við rekstur dómsmála. Þá fór ráðið með forsvar héraðsdómstólanna sameiginlega gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Dómstólaráði bar að skipuleggja endurmenntun dómara og löglærðra starfsmanna dómstólanna. Verkefni dómstólaráðs eru ekki tæmandi talin í dómstólalögunum en sem dæmi um önnur verkefni sem ráðið sinnti var tölvu- og upplýsingamál héraðsdómstólanna og símenntun annarra starfsmanna en dómara og löglærðra aðstoðarmanna.

Ráðsmenn á árinu 2017

Í dómstólaráði áttu sæti fimm menn sem ráðherra skipaði. Tveir voru kjörnir af héraðsdómurum, tveir voru kjörnir af dómstjórum við héraðsdómstólana úr þeirra hópi en einn ráðsmaður var skipaður af ráðherra án tilnefningar. Skipunartími í dómstólaráðs var fimm ár en við setningu nýrra laga um dómstóla nr. 50/2016 og gildistöku þeirra 1. janúar 2018 féll skipun ráðsmanna niður. Jón Höskuldsson dómari við Héraðsdóm Reykjaness var formaður ráðsins og Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur var varamaður hans. Aðrir ráðsmenn á árinu 2017 voru: Hervör Þorvaldsdóttir dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur var fulltrúi dómara en varamaður hennar var Ragnheiður Harðadóttir dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Þann 14. maí 2017 rann skipunartími Hjartar O. Aðalsteinssonar og varamanns hans Halldórs Halldórssonar út. Halldór Halldórsson var kjörinn sem fulltrúi dómstjóra og Hildur Bríem sem varamaður hans og voru þau skipuð til setu í dómstólaráði frá 15. maí 2017 til 31. desember 2017. Þorgeir Ingi Njálsson dómstjóri Héraðsdóms Reykjaness var fulltrúi dómstjóra en varamaður hans var Ingimundur Einarsson dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur. Þorgeir Ingi Njálsson óskaði lausnar frá skipun sinni sem dómstjóri Héraðsdóm Reykjaness og sem ráðsmaður dómstólaráðs frá og með 1. ágúst 2017. Þá var Hervör

Þorvaldsdóttir skipuð forseti Landsréttar frá 1. ágúst 2017. Dómstólaráð ákvað á kalla inn varamenn þeirra til setu í ráðinu, Ingimund Einarsson og Ragnheiði Harðardóttur, þar til starfsemi ráðsins hætti 31. desember 2017. Þórdís Ingadóttir dósent við Háskólann í Reykjavík, var tilnefnd af ráðherra en varamaður hennar var Hrefna Friðriksdóttir dósent við Háskóla Íslands.

Fjármál

Dómstólaráð fór með ábyrgð á fjárreiðum héraðsdómstólanna og skipti á milli þeirra fé sem þeim var veitt í einu lagi með fjárlögum.

Á árinu 2017 nam heildarrekstur héraðsdómstólanna 1.815 m.kr. sem er 4,2% hækkun frá árinu áður. Langstærsti útgjaldaliður héraðsdómstólanna var launakostnaður eða um 85%. Húsnæðisliður var um 7%

Helstu verkefni dómstólaráðs á árinu 2017

Dómstólaráð hélt 12 fundi á árinu og var síðasti fundur ráðsins haldinn 14. desember 2017. Skrifstofa dómstólaráðs fékk til afgreiðslu samkvæmt bréfabók 427 erindi, sem einkum voru fyrirspurnir er vörðuðu starfsemi héraðsdómstólanna frá ráðuneytum, stofnunum, Alþingi, lögmannsstofum, einstaklingum og fjölmiðlum. Þess utan fékk skrifstofa ráðsins margvísleg símtöl, ábendingar og fyrirspurnir er vörðuðu starfsemi og starfsumhverfi dómstólaráðs og héraðsdómstólanna.

SEND

SEND, („Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere“) er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara sem á rætur sínar að rekja til ársins 1989. Frá upphafi hefur sænska dómstólasýslan lagt til stöðugildi ritara stýriningdar SEND en í henni sitja fulltrúar allra norrænu þjóðanna. Hlutverk stýriningdarinnar er að ákveða og skipuleggja efni ráðstefnanna hverju sinni en Norðurlandþjóðirnar skiptast á að halda þær og undirbúa. Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Ólöf Finnsdóttir sitja í stýriningdinni af Íslands hálfu. SEND stendur að jafnaði fyrir tveimur ráðstefnum ár hvert, að vori og að hausti. Þriðja hvert ár er norræna lögfræðingáþingið haldið en það árið stendur SEND einungis fyrir einni ráðstefnu. Ráðstefna sem bar yfirskriftina: „Domarens kommunikation“ var haldin í Stokkhólmi dagana 3.-5. maí 2017. Þemað var tjáning dómara bæði innan og utan réttar, munnleg og skrifleg.

Starfsdagur dómstólanna

Dómstólaráð hélt sinn árlega starfsdag 1. júní 2017 um símenntunarmál. Eyþór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun hélt erindi um vinnugleði og dómara kynntu m.a. reynslu sína af námsleyfisdvöl erlendis. Framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri Fræðslusetursins Starfsmenntar mættu á fundinn og kynntu þá þjónustu sem er í boði fyrir starfsmenn dómstólanna.

Sérfróðir meðdómsmenn

Pegar deilt er um staðreyndir sem eru bornar fram sem málsástæður og dómari telur þurfa sérkunnáttu í dóm til að leysa úr, getur hann kvatt til tvo meðdómsmenn sem hafa slíka sérkunnáttu. Eins ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði er mögulegt að kveðja til sérfróðan meðdómsmann. Kostnaður vegna sérfróðra meðdómsmanna við héraðsdómstólana lækkaði í fyrsta skipti milli ára og nam 103 m.kr. á árinu 2017 sem er 5,7% af heildarútgjöldum héraðsdómstólanna árið 2017. Þetta hlutfall var tæplega 7% á árinu 2016.



| Ártal í milljónum kr. | |
|-----------------------|-----|
| 2008 | 36 |
| 2009 | 42 |
| 2010 | 41 |
| 2011 | 48 |
| 2012 | 61 |
| 2013 | 66 |
| 2014 | 91 |
| 2015 | 106 |
| 2016 | 115 |
| 2017 | 103 |

Mynd 1. Þróun launakostnaðar sérfróðra meðdómsmanna 2008-2017

UM HÉRAÐSDÓMSTÓLANA

Í árslok 2017 voru 42 héraðsdómarar starfandi samtals í þeim í átta héraðsdómstólum sem eru kringum landið. Þar af voru 24 karlar, eða 57%, og 42 konur, eða 43%.

Héraðsdómur Reykjavíkur

Í dómhúsinu við Lækjartorg er aðsetur Héraðsdóms Reykjavíkur og heyra sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Mosfellsbær og Kjósarhreppur undir umdæmi hans. Dómstjóri til 30. nóvember 2017 var Ingimundur Einarsson en Símon Sigvaldason var kjörin í embætti dómstjóra og skipaður frá 1. desember 2017. Við dómstólinn störfuðu 24 dómarar auk dómstjóra, 6 aðstoðarmenn, 11 dómritarar og 7 aðrir starfsmenn.

Héraðsdómur Vesturlands

Í Borgarnesi er aðsetur Héraðsdóms Vesturlands og heyra Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja - og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Ásgeir Magnússon. Við dómstólinn starfar einn aðstoðarmaður og einn dómritari.

Héraðsdómur Vestfjarða

Á Ísafirði er aðsetur Héraðsdóms Vestfjarða og heyra Reykhólahreppur, Vestur-byggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkur-hreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð undir hann. Sigríður Elsa Kjartansdóttir var skipaður dómstjóri til 31. júlí 2017 eða þar til hún tók embætti sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur 1. ágúst 2017. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Á Sauðárkróki er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands vestra og heyra Akrahreppur, Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd undir hans umdæmi. Dómstjóri er Halldór Halldórsson. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Á Akureyri er aðsetur Héraðsdóms Norðurlands eystra og heyra Akureyrarkaupstaður, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Svalbarðsstrandahreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit undir hans umdæmi. Dómstjóri var Ólafur Ólafsson. Við dómstólinn starfa tveir dómárar auk dómstjóra og þrjú dómritarar.

Héraðsdómur Austurlands

Á Egilsstöðum er aðsetur Héraðsdóms Austurlands og heyra Borgarfjarðahreppur, Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur undir hans umdæmi. Dómstjóri var Hildur Briem. Við dómstólinn starfar einn dómritari.

Héraðsdómur Suðurlands


Á Selfossi hefur Héraðsdómur Suðurlands aðsetur sitt og heyra Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær undir hans umdæmi. Dómstjóri er Hjörtur O. Aðalsteinsson. Við dómstólinn starfa tveir dómárar auk dómstjóra, tveir dómritarar og einn aðstoðarmaður.

Héraðsdómur Reykjaness

Í Hafnarfirði hefur Héraðsdómur Reykjaness aðsetur sitt og heyra Garðabær, Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kópavogsbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Álftanes, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar undir hans umdæmi. Þorgeir Ingi Njálsson gegndi embætti dómstjóri til 1. ágúst 2017 er hann var skipaður í embætti dómara við Landsrétt. Við embætti dómstjóra tók Gunnar Aðalsteinsson. Við dómstólinn starfa sjö dómárar auk dómstjóra, þrjú aðstoðarmenn, einn skrifstofustjóri, þrjú dómritarar, móttökuritari og bókarari.

HÉRAÐSDÓMSTÓLAR Í TÖLUM¹

Þegar litið er til hlutfalls íbúa hvers umdæmis á landsvísu,² samanborið við hlutfall innkominna mála fyrir árið 2017 kemur í ljós að rúmlega helmingur innkominna mála er þingfestur við Héraðsdóm Reykjavíkur, eða 53,6% samanborið við að í umdæmi dómsins búa 39% landsmanna.



Mynd 2. Hlutfallslegur fjöldi íbúa í umdæmi hvers héraðsdómstóls og fjöldi innkominna mála árið 2017.

Umfangsmestu verkefni héraðsdómstólanna eru einkamál og sakamál. Einkamál skiptast síðan í munnlega flutt einkamál, þar sem vörnum er haldið uppi í svonefndum ágreiningsmálum³ auk lögræðismála og skriflega fluttra einkamála.

Sakamál sem berast dómstólunum eru af tvennum toga. Annars vegar eru mál sem höfðuð eru af ákærvaldinu⁴ á hendur einstaklingum eða lögaðilum til refsingar. Hins vegar eru svonefnd sektarboðsmál. Lögreglustjóra er lögum samkvæmt heimilt að ljúka vissum

¹ Á vefsíðunni <http://www.domstolar.is> er að finna tölfræðiupplýsingar sem uppfærðar eru reglulega.

² Upplýsingar um mannfjölda er að finna á vefsíðu Hagstofu Íslands <https://www.hagstofa.is/>

³ T.d. mál vegna fjárnáms, nauðungarsölu, lögbanns, gjaldþrots, greiðslustöðvunar, nauðasamninga, beinna aðfarargerða o.s.frv.


⁴ Lögreglustjóri, ríkissaksóknari og héraðssaksóknari fara með ákærvaldið.

málum með sektargreiðslu. Sakborningi er þá gefinn kostur á að ljúka máli sínu með því að greiða sekt. Sinni sakborningur ekki sektargreiðslunni getur lögreglustjóri sent málið héraðsdómara til ákvörðunar sektar og vararefsingar. Dómari tekur ákvörðun um viðurlög með áritun á sektarboð lögreglustjóra og hefur slík áritun sömu áhrif og dómur. Dómarar ganga svokallaðar rannsóknarvaktir og sinna þar erindum frá lögreglu þar sem atbeina dómstóla er þörf í þágu rannsóknar sakamáls. Viðamestu málin eru annars vegar kröfur um gæsluvarðhald og hins vegar skýrslutökur af börnum sem grunur leikur á að hafi mátt þola kynferðisbrot.

Héraðsdómstólarnir innheimta dómsmálagjöld á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991, með síðari breytingum. Dómsmálagjöld eru greidd vegna meðferðar einkamála í héraði og fara þau stighækkandi með hliðsjón af stefnufjárhæð máls. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnufjárhæð nemur allt að 3 m.kr. greiðast 15.000 kr. í þingfestingargjald. Fyrir þingfestingu máls þar sem stefnufjárhæð er frá 3 m.kr. að 30 m.kr. og vegna mála þar sem krafist er viðurkenningar á réttindum og/eða skyldu greiðast 30.000 kr. Gjaldskrá á grundvelli ákvæða laga um aukatekjur ríkissjóðs má nálgast á vefsíðu héraðsdómstólanna.

Fjöldi dómsmála

Skráðum málum hjá héraðsdómstólunum fjölgaði um 960 milli ára, eða úr 14.418 á árinu 2016 í 15.378 á árinu 2017.



Mynd 3. Þróun heildarmálfjölda héraðsdómstólanna

Dómsmál við héraðsdómstólana eru í grófum dráttum flokkuð í 30 málaflokka eða tegundir. Skráning í málaskrárkerfi héraðsdómstólanna tekur mið af þeirri skiptingu og á mynd 4 sést sundurliðun þeirra mála sem bárust héraðsdómstólunum á árinu 2017. Dómsmál eru afar mismunandi að umfangi og því segir fjöldi mála í einstökum málaflokkum ekki alla söguna um vægi málaflokksins fyrir starfsemi héraðsdómstólanna. Stærstu málaflokkarnir eru einkamál og sakamál.

| Málategund | HDR | HDRN | HDVL | HDVF | HDNV | HDNE | HDA | HDS | Samtals |
|------------------------------|-------------|-------------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|--------------|
| Aðfararbeiðnir | 1135 | 846 | 85 | 75 | 67 | 185 | 58 | 159 | 2610 |
| Innsetningarbeiðnir | 105 | 36 | 1 | 2 | 2 | 6 | 4 | 12 | 168 |
| Útbuðarbeiðnir | 182 | 102 | 15 | 5 | 2 | 29 | 5 | 24 | 364 |
| Bráðabirgðaforsjá og farband | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Opinber skipti | 60 | 21 | 8 | 0 | 3 | 7 | 4 | 14 | 117 |
| Einkamál | 4093 | 1289 | 139 | 51 | 56 | 228 | 90 | 249 | 6195 |
| Munnlega flutt | 712 | 199 | 16 | 2 | 7 | 27 | 8 | 40 | 1011 |
| Skriflega flutt | 3381 | 1090 | 123 | 49 | 49 | 201 | 82 | 209 | 5184 |
| Flýtimeðferðarmál | 26 | 10 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 39 |
| Gjaldprotaskipti | 1150 | 719 | 41 | 15 | 13 | 84 | 51 | 162 | 2235 |
| Höfnir menn | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Greiðslustöðvunarbeiðnir | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Ágreiningsmál vegna kyrrse | 7 | 8 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 18 |
| Lögræðismál | 189 | 74 | 0 | 2 | 2 | 15 | 6 | 18 | 306 |
| Matsmál | 178 | 46 | 3 | 4 | 1 | 15 | 4 | 7 | 258 |
| Nauðasamningsumleitanir | 8 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 12 |
| Sjópróf | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Ágreiningsmál vegna dánarb | 16 | 8 | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 32 |
| Rannsóknarúrskurðir | 526 | 649 | 13 | 16 | 4 | 52 | 6 | 48 | 1314 |
| Gæsluvarðhaldsúrskurðir | 193 | 232 | 1 | 0 | 0 | 14 | 2 | 7 | 449 |
| Húsleitarúrskurðir | 57 | 44 | 2 | 3 | 0 | 6 | 0 | 1 | 113 |
| Opinber mál | 742 | 495 | 77 | 54 | 54 | 263 | 48 | 264 | 1997 |
| Höfðuð með ákæru | 679 | 433 | 73 | 46 | 54 | 202 | 34 | 232 | 1753 |
| Sektarboðsmál | 63 | 62 | 4 | 8 | 0 | 61 | 14 | 32 | 244 |
| Ágreiningsmál vegna þinglýs | 4 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 | 10 |
| Barnaverndarmál | 12 | 13 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 4 | 31 |
| Vitnamál | 21 | 15 | 1 | 0 | 0 | 3 | 1 | 1 | 42 |
| Ágreiningsmál vegna gjaldþr | 15 | 17 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 37 |
| Ágreiningsmál vegna aðfara | 21 | 6 | 1 | 0 | 0 | 7 | 0 | 3 | 38 |
| Ágreiningsmál vegna nauður | 12 | 13 | 2 | 0 | 1 | 1 | 0 | 4 | 33 |
| Önnur mál | 24 | 12 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 11 | 50 |
| Samtals mál | 8240 | 4245 | 378 | 220 | 205 | 864 | 270 | 956 | 15378 |


Mynd 4. Heildarfjöldi innkominna mála eftir dómstólum og tegundum árið 2017.

Einkamál

Munnlega flutt einkamál

Munnlega fluttum einkamálum fækkaði lítillega milli ára, en þau voru samtals 1.031 á árinu 2016 en eru 1.011 árið 2017.

Fjöldi þingfesta munnlega fluttra einkamála á árinu 2017 var samtals 1.011 en var 1.031 á árinu 2016. Fjöldi afgreiddra mála var 1.135 á árinu 2017 en 1.105 á árinu 2016. Fjöldi óafgreiddra munnlega fluttra einkamála í lok árs 2017 var 702 en til samanburðar 819 mál í lok árs 2016.



Mynd 5. Munnlega flutt einkamál 2008-2017; innkomin, afgreidd og óafgreidd.

Meðalmálsmeðferðartími munnlegra fluttra einkamála

Meðalmálsmeðferðartími munnlegra flutts einkamáls stýttist lítillega á milli ára var 386 dagar á árinu 2016 en er 381 dagar á árinu 2017.



Mynd 6. Meðalmálsmeðferðartími munnlegra fluttra einkamála í dögum talið 2008-2017.

Tegundir einkamála og fjöldi þeirra

Tegundir eða eðli þeirra einkamála sem rekin eru fyrir dómstólunum eru margvísleg eins og sést í meðfylgjandi töflu. Á árinu 2017 voru flest munnlega flutt einkamál sem rekin voru fyrir héraðsdómstólunum skuldamál en þar á eftir koma skaðabótamál, riftunarmál þrotabúa, ógilding stjórnarathafnar, vinnulaunamál, forsjármál og barnsfaðernismál.

| Tegund | Rvík | R.nes | V.land | V.firðir | Nl.vestra | Nl.eystra | A.land | S.land | Samtals |
|--------------------------------|------|-------|--------|----------|-----------|-----------|--------|--------|---------|
| (Óskráð) | 2 | 9 | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 14 |
| Barnaverndarmál | 7 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| Barnsfaðernismál | 15 | 9 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 25 |
| Eignarréttarmál | 3 | 4 | 1 | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 11 |
| Erfðamál | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fasteignakaup, gallar | 13 | 13 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 28 |
| Fasteignakaup, greiðsludráttur | 7 | 7 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 16 |
| Firmamál | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Fjármögnunarsamningur | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Forsjármál | 35 | 35 | 1 | 1 | 1 | 9 | 0 | 6 | 88 |
| Húsaleigumál | 11 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13 |
| Höfundarréttarmál | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Landamerkjumál | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Lausafjárkaup, gallar | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Lausafjárkaup, greiðsludráttur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Mál um einkaleyfi | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Mál um vörumerki | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Meiðyrðamál | 7 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Ógilding stjórnarathafnar | 27 | 3 | 2 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 34 |
| Ógildingarmál | 12 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 18 |
| Riftun og skuldamál | 3 | 2 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 7 |
| Riftunarmál þrotabúa | 17 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 22 |
| Sífaréttarmál | 19 | 4 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 24 |
| Skaðabótamál | 96 | 8 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 4 | 110 |
| Skaðabótamál, eignatjón | 6 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 |
| Skaðabótamál, miski/örorka | 79 | 3 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 85 |
| Skattamál | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Skuldabréfamál | 1 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Skuldamál | 205 | 42 | 5 | 1 | 2 | 3 | 0 | 21 | 279 |
| Tékkamál | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Úrelt: Vörum/einkal/firmu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vátryggingamál | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Vefengingarmál | 10 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13 |
| Verksamningur | 5 | 6 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 12 |
| Vinnulaunamál | 34 | 16 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 54 |
| Víxilmál | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Önnur mál | 81 | 10 | 3 | 0 | 1 | 0 | 3 | 2 | 100 |

Mynd 7. Tegund einkamála og fjöldi þeirra.

Skriflega flutt einkamál

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda skriflega fluttra einkamála hjá héraðsdómstólunum árin 2008-2017. Oft er þessi tegund mála kölluð útivistarmál eða áritunarmál. Skriflega fluttum einkamálum fjölgaði lítillega frá árinu 2016, voru þá 4.968 en alls 5.184 árið 2017.




Mynd 8. Þróun fjölda skriflega fluttra einkamála.

Sakamál

Sundurliðun ákærumála

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda innkominna ákærumála hjá héraðsdómstólunum árin 2008-2017 ásamt fjölda afgreiddra og óafgreiddra mála.


Héraðsdómstólunum bárust samtals 1.753 ákærumál á árinu 2017 samanborið við 1.914 mál á árinu 2016. Fjöldi óafgreiddra ákærumála í árslok var samtals 427 mál samanborið við 449 í árslok 2016.



Mynd 9. Fjöldi innkominna ákærumála, afgreiddra og óafgreiddra.

Meðalmálsmeðferðartími ákærumála


Meðalmálsmeðferðartími ákærumáls lengdist lítillega á milli ára, var 86 dagar á árinu 2017 í stað en 80 daga á árinu 2016.



Mynd 10. Meðalafgreiðslutími ákærumála í dögum talið 2008-2017.

Gjaldþrotáúrskurðir


Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun uppkveðinna gjaldþrotáúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir kyni og lögaðilum á tímabilinu 2008-2017. Uppkveðnum gjaldþrotáúrskurðum einstaklinga hefur fækkað á milli ára, frá því að vera samtals 390 á árinu 2016 í það að vera 290 á árinu 2017. Gjaldþrotáúrskurðum lögaðila hefur fækkað sömuleiðis en þeir voru 1.036 á árinu 2016 og 763 á árinu 2017.



Mynd 11. Þróun fjölda gjaldþrotáúrskurða.

Gjaldþrotaskiptabeiðnir


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda gjaldþrotabeiðna hjá héraðsdómstólunum frá árunum 2008-2017. Beiðnunum fækkaði lítillega frá árinu 2016, úr 2.340 í 2.235 beiðnir á árinu 2017.



Mynd 12. Þróun fjölda gjaldþrotaskiptabeiðna.

Ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta


Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda ágreiningsmála sem rísa við gjaldþrotaskipti á tímabilinu 2008-2017. Ágreiningsmálum hefur fækkað verulega milli ára en þau voru 37 árið 2017 samanborið við 59 á árinu 2016.



Mynd 13. Þróun fjölda ágreiningsmála vegna gjaldþrotaskipta.

Rannsóknarúrskurðir

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun fjölda uppkveðinna úrskurða hjá héraðsdómstólunum á grundvelli rannsóknar sakamáls á tímabilinu 2008-2017. Uppkveðnir rannsóknarúrskurðir voru samtals 1.314 á árinu 2017 en 1.239 á árinu 2016.



Mynd 14. Þróun fjölda rannsóknarúrskurða

DÓMSTÓLASÝSLAN



DÓMSTÓLARÁÐ

Dómhúsinu við Lækjartorg · 101 Reykjavík · sími: 551 2900 · domstolarad@domstolar.is · www.domstolar.is · kt. 410798-3449